

ÞJER SEM NOTID
TIMBUR
KAUÐAF
Empire Sash and Door
COMPANY LIMITED
Birgðir: Henry Ave. East. Phone A 6356
Skrifstofa: 5. Gólf, Bank of Hamilton
VERÐ GÆÐI AN/EQJA.

I öðru erindi, önnur ljóðlína: var áður skruð og vöxtur, líf og skjól. — A að vera: var áður skruð og vöxtur, líf og skjól.

I sjöunda erindi, þriðja ljóðlína: Og þess vegna eru sorgarljóðin sungin: A að vera: Og þess vegna eru sigurljóðin sungin.

Eftirtaldir menn, sem kosnir voru af stórum Heklu og Skuld skipa

fulltrúanefnd stórnanna: G. M. Bjarnason forseti 309 Simcoe St.; S. Thorkelsson gjaldkeri 738 Arlington St.; Egill H. Fáfis ritari 651 Home St.; Asb. Eggertson vara forseti; Sumarliði Matthews v. gjaldkeri; J. Th. Beck v. ritari; Jón Marteinsson, Hreiðar Skaffeld og Einar Haralds.



Ágætis Standard Ritvél

vinnur með rafmagn. Eins og Standard WOODSTOCK, er þessi vél útbúin með síðustu uppfinningum í ritvélagerð. Inniheldur í einni vél betri útbúnað en nokkur önnur ritvél.

Winnipeg Typewriter Exchange
643 B. Somerset Block Phone A-4025

Þægilegar Jólagjafir

TOASTERS; PERCOLATORS
STRAUJARN; KRULLUJARN
ÞVOTTAVJELAR;
MATREIÐSLUSTÖR, og fleira.

APPLIANCE DEPARTMENT

Winnipeg Electric Railway

Main Floor Electric Railway Chambers

"Bölspá" má ei hringja' í kvöld.

Eftir Rose Hartwick Thorpe.

Eftir langan dag og dapran dýrðargelsam kvöldsins sól stráði allar Englands strendur, ásthlý signdi dal og hól; hluttekningar kossi kysti klökk á enni fljóðs og manns; gulli meyar lokkar líktust, lýstu þreytu sporin hans; sorgin beygði hann í herðum, hún af ótta blá og köld byrgði orð, þó bærust varir: "Bölspá" má ei hringja' í kvöld."

Hún var stödd hjá hringjaranum, horfin sælu, ró og frið; stundi upp í hálfum hljóðum, — horfði og benti á fangelsið —: "Ástvin minn, til dauðans dæmdur, dvelur þarna; heyrðu mig, þegar "Bölspá" heyrir hringja, hann á — Nei, eg gráði þig, hringdu' ei fyr en Cromwell kemur, Cromwell hefir líknarvöld." Orðin bæra bleikar varir: "Bölspá" má ei hringja' í kvöld!"

Líkt og hvassar eitúr-örvar orð af vörum hringjarans særðu hjarta' og sálu hennar — samt var klökkvi' í augum hans —: "Bessie, eg hefi lífað lengi, líf mitt á ei nokkurn blett, altaf hringt á hverju kvöldi hátíðlega — og gert það rétt." Þannig mælti 'ann: — "Má það ekki; minn væri þúsund föld, góða menn og guð að svikja, get ei — verð að hringja' í kvöld."

Augu hennar leiftra, loga, lesa má um fólur brár, það sem hún í sálu sinni sör við guð og öll sín tár. Kaldann dóminn heyrir 'hún hafði, hlustað þögl, niðurlút: "Þegar 'Bölspá' heyrir hringja, hengist Basil 'Underwood." Andvörp tók hún, augun glóðu eins og gagnsæ logatjöld; hugsun bærir bleikar varir: "Bölspá" skal ei hringja' í kvöld!"

Kvikum fótum eins og elding inn í kirkju mærin þaut; öldungurinn augnadapur eftir þræddi kunna braut. Bessie steig af tröppu á tröppu, tafarlítið ferðin gekk; komst um síðir þreytt og þjökuð þangað upp, sem klukkan hékk svipljót yfir höfði hennar, hrikaleg og dimm og köld. Enn þá bærust bleikar varir: "Bölspá" skal ei hringja' í kvöld!"

Auðn og þögn á alla vegu, alt er vafið dauðahjúp; yfir höfði ógna rjáfur, undir fótum heljar djúp. Sér 'hún klukku kólfinn bærost; komign tími, er hringja skal, skelfing grípur hjarta hennar, hún á nú á tvennu val: Stökkva eða hrökkva — henni hætta skapar sverð og skjöld, stekkur beint á bjöllu kólfinn: "Bölspá" hringir ekki' í kvöld!"

Út hún sveiflast — svima kennir, sýnist borgin undur smá; kólfur særir kreptar hendur, klukkan sveiflast til og frá. Hringjarinn er heyrnardaufur, heyrði sjaldan klukknaðm, hugardapur hyggur "Bölspá" hringi Basils líflátsdóm. Mærin særð á höndum hangir, heldur stöðugt, föl og köld; hjartað berst og bærust varir: "Bölspá" hringir ekki' í kvöld!"

Stöðvast klukkan, stillist kólfur, stígur Bessie þreytt og sár staðlynd upp í stigann, þar sem steig ei neinn í hundrað ár — þegar England kvöldsól kyssir, kyrrin svelpar engi og tún, sagan gengur mann frá manni, margar aldir lifir hún; þegar gullnir geislar skrifa guðspjall lífs á himintjöld, sagt er Bretans börnum, hví að "Bölspá" hringdi' ei þetta kvöld.

Sást í fjarlægð Cromwell koma — Cromwell — Bessie hugrökk stöð, allur fólvi af enni horfinn, orðin kinnin heit og rjóð; upplitsdjörf og einörð sagði 'ún alt, sem skeði — daldi ei neitt; sönnun voru sárar hendur, sást og glógt að hún var þreytt. Klökkvi grípur Cromwells hjarta, — Cromwell hafði líknarvöld, — leit á Bessie, bljúgur sagði: "Bölspá" skal ei hringja' í kvöld!"

Basil út úr köldum klefa "kaldir" böðlar hrundu' á leið; köldum undir kvöldsins himni kaldur gálgi fangans beið. Eins og drottins engill sendur ákaft Bessie herðir skref; kemst til hans á hinstu stundu, honum réttir lausnarbréf. Basil vefur ástmey örmum, enginn þáði sælli gjöld; kysti Bessie, bljúgur mælti: "Bölspá" hringir ekki' í kvöld!" Sig. Júl. Jóhannesson.

Skýring.

Höfundur þessa kvæðis er kona; hún var fædd í ríkinu Indiana 18. júlí 1850. Hún orti kvæðið, þegar hún var um tvisugt. Efnir kvæðisins er talið sögulegt; átti það að hafa gerst á dögum Cromwells. Klukkan, sem hringja átti, nefnist Curfew; er það komið af tveimur frönskum orðum: "Couvre feu", sem þýðir: "Byrgið eldinn". Var sá siður hafinn, að hringja klukku á kvöldin, til merkis um að allir skyldu slökkva ljós og elda á þeim tímum, þegar Norðmenn her-tóku England. Var það gert í því skyni, að vikingarnir gætu ekki gengið á ljósið og ratað að býlum manna, til þess að gera þeim ónáði eða á-hlaup. Síðar hafa oft verið sett svo kölluð "Curfew"-lög; það er að segja, mönnum hefir verið skipað að slökkva ljós og ganga snemma til náða á öfriðar- eða hættutímum, og það gefið til kynna með klukknaðringingu. Þannig er tilkominn nafnið "Bölspá". Kvæðið er frægt í enskum bók-mentum.

Þýðandinn.

Andvökur.

Besta jólagjöfin, er þetta íslenska kvæðabókin. Setjið ykkur ekki úr færi að kaupa "Andvökur" Stepháns G. Stephánssonar, merkilegasta íslenska skáldsins, sem nú lifir. Athugið vel, að þetta er ekkert auglýsingaskrum, heldur samleikur, sem fjöldi Íslendinga hefir gengið úr skugga um; sannleikur, sem alment verður viðurkendum. Ekkert íslenskt bókasafn er í göðu lagi ef "Andvökur" vantar. Fyrstu þrjú heftin kosta \$3.50, og tvö síðustu heftin \$6.00. Alt upplagið -9.50. Notið þessi jól til þess að kynna skáldkonungi okkar fyrir alvöru. Og ef þið eigið bókneigða ættingja eða vini heima á Íslandi, þá verði þess viss, að meiri fögnuð getið þið ekki veitt þeim hégan að vestan en "Andvökur", fyrir nokkurt verð er þar kemur nálægt. Þeir sem kaupa vilja, eru beðnir að snúa sér til ráðsmanns Heimskringlu, hr. Jakobs Kristjánssonar.

Gleðileg Jól!

Farsælt Nýár

Okkar mörgu íslensku viðskiftavinum óskum við gleðilegra jóla, um leið og við þökkum þeim fyrir þá tiltrú, sem þeir hafa sýnt okkur, og vonumst eftir að njóta viðskifta þeirra í komandi framtíð eins og að undanfögnu.

The Sargent Pharmacy

724 Sargent Ave.

K. G. Harman

R. L. Harman

Hveitisamlagid

Nýtizku -- Visindaleg -- Samvinna

NO STÆRSTA HVEITISÖLUSTOFNUNIN Í HEIMI.

Útkoman hefir þýðingu.

Lesið þessi álit hagfróðra manna.



N. C. Stephens (Asst.-Gen. Manager, Standard Bank of Canada):—

"Önnur ósók framfaranna er vafalaust Hveitisamlagið. Útbúastjórar vorir um alt Vesturlandið hafa þá skoðun, að stöðugleiki verðsins og borganir á öllum tímum árs séu bóndanum til mikils hagnaðar. Eg er sannfærður um að Samlagið mun teljast eitt af mikilvægustu framfara-fyrirtækjum Vesturlandsins, ef því hepnast að hafa ráðvanda og hagsýna stjórn framvegis, eins og hingað til."

The Financial Post (Toronto):—

"Það er samt sem áður staðreynd, að samlagið hefir reynst veruleg hjálp smábændunum, sem af ýmsum ástæðum voru fyr meir neyddir til að selja korn sitt strax á haustin.

SKRIFIÐ EFTIR ÖLLUM UPPLÝSINGUM UM INNTÖKU Í SAMLAGIÐ TIL

Manitoba eða Saskatchewan eða Alberta

Wheat Pool

Winnipeg, Man Regina, Sask.

Wheat Pool

Calgary, Alta.

Aldrei of seint að skrifa undir.